



## Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 12. janúar 2010.

Fundur var haldin í Framkvæmdahóp um byggingu sundlaugar þriðjudaginn 12. janúar 2010, kl. 08:30 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum. Ágúst Þór Bragason setti fundin og stjórnaði honum.

### Málefni:

1. Fundur með arkitekt um lokaáfangu
2. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

- 1) Til fundarins er mættur Jón Guðmundsson arkitekt og var farið yfir lokaáfangu sundlaugarinnar. Helstu áfangar sem ólokið er við eru 2 búningsklefar sem vantar að fullgera og innrétta, gufubaðsklefi, vatnsrennibraut, girðing ásamt ýmsum búnaði. Arkitekt fór yfir tillögur og var rætt um frágang og efnisval. Gögn verða tilbúin á næstu dögum.
- 2) Önnur mál.
  - a) Farið var í vettvangsferð um sundlaugarsvæðið. Fram kom að til stendur að opna þreksalin um næstu mánaðarmót.
  - b) Áætlað er að verktaki eigi eftir um 4-6 vikur í að ljúka öðrum áfangum.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 12.30.

Valgarður Hilmarsson  
Guðmundur Haraldsson  
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason